

AUGLÝSING

(III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélögum:

Sveitarfélagið Garður.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins Garðs með eftirfarandi viðauka/breytingum á 4. gr.:

Úthluta skal aflamarki miðað við landaðan afla í þorskígildum talið á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.

Vesturbyggð, Patreksfjörður og Brjánslækur.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Patreksfjarðar og Brjánslækjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Breyting á 4. gr.: Úthluta skal aflamarki hlutfallslega miðað við landaðan afla til vinnslu í Vesturbyggð frá 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.
- b) Breyting á 6. gr.: Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemur ... o.s.frv.
- c) Viðbót: Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

Vesturbyggð, Bíldudalur.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Bíldudals með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) 1. gr. b-liðar verður: Eru skráð í sveitarfélaginu 1. maí 2008.
- b) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- c) Byggðakvóta Vesturbyggðar, 68 þorskígildistonnnum og byggðakvóta Bíldudals 140 þorskígildistonnnum skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal á tímabilinu 1. maí 2007 til 30. apríl 2008.
- d) Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi.

Ísafjarðarbær.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Ísafjarðarbæjar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Byggðakvóta þeim er úthlutað var til Ísafjarðar, samtals 70 þorskígildislestum, skal úthlutað til skel- og rækjuveiðibáta þannig: 26 þorskígildislestir koma í hlut skelveiðibáta og 44 þorskígildislestir koma í hlut rækjuveiðibáta. Skipting byggðakvótans milli skelveiðibáta verður jöfn, en skipting milli einstakra rækjuveiðibáta verður í hlutfalli við aflahlutdeild þeirra í rækju þann 1. september 2007. Fiskiskip sem fá úthlutað samkvæmt þessum lið geta ekki sótt um frekari úthlutun byggðakvóta hjá Ísafjarðarbæ á þessu fiskveiðiarí. b) Öðrum úthlutuðum byggðakvóta verður skipt þannig að af 129 þorskígildislestum sem úthlutað var á Ísafjarðarbæ koma: 36,9 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Ísafirði; 8,9 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Þingeyri, auk þeirra 17 þorskígildislesta, sem er

sérúthlutað til Þingeyrar; 10,6 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Suðureyri, auk þeirra 20 þorskígildislesta sem er sérúthlutað á Suðureyri; 54,7 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa á Flateyri, auk þeirra 104 þorskígildislesta sem er sérúthlutað á Flateyri; 17,9 þorskígildislestir í hlut fiskiskipa í Hnífsdal, auk þeirra 34 þorskígildislesta sem er sérúthlutað í Hnífsdal.

- c) Ákvæði í 4. gr. reglugerðar nr. 605, um hámarksúthlutun 15 þorskígildistonna til einstaks fiskiskips/báts, verði fellt niður hvað varðar úthlutanir byggðakvóta í Ísafjarðarbæ.

Sveitarfélagið Skagaströnd.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins Skagastrandar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) b-liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.
- b) 50 þorskígildistonnum verður úthlutað jafnt til fiskiskipa með leyfi til innfjarðarækjuveiða í Húnaflóa.
- c) 90 þorskígildistonnum verður skipt samkvæmt ákvæðum 4. gr. reglugerðarinnar til fiskiskipa sem uppfylla ákvæði reglnanna.
- d) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- e) Fiskiskip eiga rétt á úthlutun úr báðum liðum b og c.

Fjallabyggð.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008 gilda um úthlutun byggðakvóta Siglufjarðar og Ólafsfjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum á 6. gr.:
Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan sveitarfélagsins afla sem nemuro.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. júlí 2008.

F. h. r.

Steinar I. Matthíasson.

Hinrik Greipsson.